



Alþingi
Erindi nr. P 135/315
komudagur 12.11.2007

Reykjavík, 12. nóvember 2007.

Fjárlaganefnd
Gunnar Svavarsson, formaður

Við er til bréfs fjárlaganefndar frá 16. okt. sl. til viðskiptanefndar. Meðfylgjandi er álit meirihluta nefndarinnar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

Selma Hafliðadóttir, nefndarritari

VIÐSKIPTANEFND

135. löggjafarþing 2007–2008.
Þskj. 0 — 0. mál.

Nefndarálit

um frv. til fjárlaga 2007 (12 viðskiptaráðuneyti).

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 16. október 2007.

Á fund nefndarinnar komu Jónína S. Lárusdóttir og Inga Ósk Jónsdóttir frá viðskiptaráðuneyti og gerðu grein fyrir þeim hluta fjárlaga fyrir árið 2008 sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins.

Heildargjöld viðskiptaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 1.887 millj. kr. á rekstrargrunni en frá dragast sértekjur, 27 millj. kr. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum hækka um 413,6 millj. kr. og eru áætluð 1.637 millj. kr. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um hækkun á fjárheimild til Fjármálaeftirlitsins.

Meðal breytinga má nefna að vegna breytinga á Stjórnarráðinu er gert ráð fyrir auknu fjárframlagi til yfirstjórnar og er einnig lagt til að veitt verði tímabundið fjárframlag í eitt ár til verkefna á sviði viðskipta- og bankamála.

Nefndinni bárust umsagnir frá undirstofnunum viðskiptaráðuneytisins, Fjármálaeftirlitinu, Neytendastofu, Samkeppniseftirlitinu og talsmanni neytenda.

Fjárheimild Fjármálaeftirlitsins hækkar samkvæmt frumvarpinu um 338,6 millj. kr. eftir sértekjur eða um 52% og er sú tillaga í samræmi við frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 95, 95. mál). Útgjöldin eru fjármögnuð með hækkun á eftirlitsgjaldi sem færast á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur ekki áhrif á afkomu hans. Það er ljóst að verkefni Fjármálaeftirlitsins hafa aukist mikið undanfarin ár. Stafar þessi aukning annars vegar af breyttu regluverki, sbr. svonefnda MiFID-tilskipun sem hefur verið tekin upp í íslenskan rétt og hins vegar af aukinni útrás íslenskra fjármálafyrirtækja en Fjármálaeftirlitið hefur m.a. eftirlit með útibúum íslenskra fjármálafyrirtækja erlendis. Meiri hluti nefndarinnar fagnar því stórauðnum fjárheimildum Fjármálaeftirlitsins.

Meiri hlutinn fagnar sömuleiðis því að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 er gert ráð fyrir 48,4% hækkun fjárframlaga eða 82,4 millj. kr. til Samkeppniseftirlitsins frá ríkisreikningi árið 2006, en hækkunin á milli fjárlaga fyrir árið 2007 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008 er 18,7%.

Fram kemur í umsögn Neytendastofu að beiðnir stofnunarinnar hafi ekki náð fram að ganga við gerð fjárlagafrumvarpsins. Stofnunin óskaði eftir auknum fjárheimildum til að sinna lögbundnum verkefnum, annars vegar framkvæmd á markaðseftirliti og hins vegar rekstri mælifræðisviðs Neytendastofu. Í umsögn Samkeppniseftirlitsins kemur fram að stofnunin hafi ekki fengið fjárveitingu vegna kostnaðar við flutning í nýtt húsnæði. Þá leggur stofnunin ríka áherslu á að hún fái auknar fjárveitingar til þess m.a. að geta boðið starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi og ekki síst samkeppnishæf laun.

Framangreindar stofnanir sinna mikilvægu eftirliti með málaflokkum sem snerta bæði

neytendur og viðskiptalífið. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þessar stofnanir fái fullnægjandi fjárheimildir til að sinna lögbundnum verkefnum á eðlilegum málshraða og geti jafnframt sinnt öðrum verkefnum sem upp koma. Leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að fjárhagslegt svigrúm sé nýtt í auknar fjárveitingar til Samkeppniseftirlitsins enda sinnir sú stofnun grundvallareftirlitshlutverki.

Kjartan Ólafsson sat fund fyrir Björk Guðjónsdóttir.

Alþingi, 13. nóv. 2007.

Ágúst Ólafur Ágústsson,
form., frsm.

Guðfinna S. Bjarnadóttir.

Birgir Ármannsson.

Árni Páll Árnason.

Jón Gunnarsson.

Kjartan Ólafsson.